Vegna: Máls nr. 0580/2024, Kársnes Þróunarsvæði. Rammahluti aðalskipulags. (Kynning tillögu á vinnslustigi)

Athugasemd:

Meðfylgjandi er umsögn Betri samgangna.

Höfundur: Þóra Jóhannesdóttir Kjarval/thora@betrisamgongur.is

Sent inn þann: 21.02.2025 , **Fyrir hönd:**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

Auður Dagný Kristinsdóttir, skipulagsfulltrúi Kópavogsbæjar

Reykjavík, 21. febrúar 2025

Efni: Vestanvert Kársnes, rammahluti aðalskipulags, umsögn Betri samgangna
Tilvísun: BES-KÓP-2025-02-21-BR-001

Betri samgöngur hafa fengið til umsagnar tillögu að rammahluta aðalskipulags fyrir vestanvert Kársnes í Kópavogi. Tillagan er kynnt á vinnslustigi skv. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Betri samgöngur bera ábyrgð á undirbúningi þeirra verkefna sem skilgreind eru í Samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins[1] sem skiptast í fjóra meginflokka:

- Göngu- og hjólastígar
- Borgarlínan
- Verkefni tengd umferðarstýringu, flæði og öryggi
- Stofnvegir Samgöngusáttmálans

Í Verksjá[2] Betri samgangna má finna upplýsingar um allar helstu framkvæmdir sem heyra undir Samgöngusáttmálann. Þar má m.a. sjá yfirlitskort, stöðu framkvæmda, umfang, áætluð verklok, myndefni og ýmsan fróðleik.

Borgarlínan (lota 1: Ártúnshöfði-Hlemmur-Hamraborg) mun liggja um Kársnesið. Stofnstígar fyrir gangandi og hjólandi sem skilgreindir eru í Samgöngusáttmála Höfuðborgarsvæðisins og framkvæmdaáætlun Samgöngusáttmálans verða einnig innan svæðisins, m.a. meðfram Borgarlínunni.

Skipulag svæðisins samkvæmt kynntri tillögu styður við áform og markmið Samgöngusáttmálans um að stuðla að auknum lífsgæðum á höfuðborgarsvæðinu með því að byggja upp skilvirka, hagkvæma, örugga og umhverfisvæna samgönguinnviði. Skipulagstillagan styður við uppbyggingu Borgarlínunnar og annarra vistvænna samgöngumáta, svo sem innviða fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur.

[1] *Stjórnarráð Íslands: Samgöngusáttmáli Höfuðborgarsvæðisins*
[2] *Verksja.is*

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

Betri samgöngur hafa yfirfarið kynnt gögn og gera ekki athugasemdir við tillöguna á þessu stigi en benda á eftirfarandi.

1. **Götugerðir og götusnið**
   a. Í tillögu er fjallað um götugerðir og sýnd eru leiðbeinandi götusnið fyrir 30 og 40 km götur en ekki er sýnt snið fyrir borgarlínugötu. Bæði götusnið sýna akreinar sem eru að hámarki 3,2 m á breidd. Bent er á að þar sem Borgarlína fer um þarf hönnun akreina að vera samkvæmt hönnunarleiðbeiningum Borgarlínu. Í þeim kemur fram að æskileg breidd fyrir 30-40 km götu er 6,5 m og lágmarksbreidd er 6,0 m og við þessar breiddir bætast svo 0,25 m kantsteinn beggja vegna. Með kantsteinum er æskileg breidd því 7,0 m og lágmarksbreidd 6,5 m. Gott er að þetta komi fram í umfjöllun um götugerðir og rýmisþörf.
2. **Borgarlína**
   a. Í Borgarlínuverkefninu er reynt að lágmarka eins og mögulegt er þveranir inná og út af Borgarlínugötum, t.a.m. vegna bílastæða á lóðum. Í áframhaldandi skipulagsvinnu á Kársnesi er gott að hafa það í huga hvort þörf sé á að breyta aðkomu að lóðum, t.a.m. við Bakkabraut.
   b. Þegar fjallað er um Borgarlínuna er talað um „stöð" eða „borgarlínustöð" í staðinn fyrir „stoppistöðvar" eða „biðstöðvar."
3. **Stofnstígar fyrir gangandi og hjólandi**
   a. Í tillögu er fjallað er um stofnstíga fyrir hjólreiðar en engir skilmálar fylgja um breidd stíga eða útfærslur á þeim. Æskilegt væri að fjalla ítarlegar um þær kröfur sem gerðar eru til hönnunar stofnstíga sbr. hönnunarleiðbeiningar fyrir hjólreiðar[3] og frumdrög fyrir Borgarlínu lotu 1.
   b. Bent er á að í köflum B.3.3 og B.3.4 í frumdrögum fyrir Borgarlínu lotu 1, eru leiðbeiningar um lykilstærðir og fyrirkomulag stofnstíga. Mikilvægt er að hafa þau viðmið sem þar koma fram í huga við skipulag svæðisins, m.t.t. umferðaröryggis og til þess að tryggja að nægt rými sé til staðar fyrir stofnstíga.

Virðingarfyllst,
f.h. Betri samgangna ohf.

Þóra Kjarval,
verkefnastjóri skipulagsmála

[3] *Hönnunarleiðbeiningar fyrir hjólreiðar. SSH og Vegagerðin 2019.*

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026